

þessa máls, og að mæta á þeim tíma, sem þér, eptir að hafa borið yður saman við meðnefndarmenn yðar, nákvæmar ákveðið. 1859.
30. apríl.

Það þykir hentast, svo framarlega sem ekkert kemur fyrir, sem gæti hindrað það, að nefndin komi saman strax eptir lok alþingis í næsta ágústmánuði. Þess er enn að geta, að konungsfulltrúa mun verða skrifað um, að sjá um að einn maður af hálfu alþingis verði valið til nefndarinnar, og að láta yður vita hver það verður.

Það er yður lagt í sjálfs vald, herra stiptamtmaður, að taka mann, sem þér áltíð til þess hæfan, til að gegna skrifara-störfum fyrir nefndina.

Stjórnin vonast eptir á sínum tíma að fá að heyra, hvaða úrslit aðgjörðir nefndarinnar fá í máli þessu, og óskar um leið að skjöl þau, sem hér fylgja, verði þá send aptur.¹

11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins og biskupsins á Íslandi, um gjöf Kelsall's til bókhöðuhúss handa skólanum. 9. maí.

Eins og sjá má af fylgiskjali bréfs þessa² hefur herra *Charles Kelsall* í erfðaskrá nokkurri, dagsettri 15. ágústm. 1853,

- 1) Sama dag er amtmönnunum í Vestur-, Norður- og Austuramtinu og landfógetanum skrifað um þetta mál, og konungsfulltrúa 6. maí.
- 2) Fylgiskjal það, sem hér ræðir um, er útdráttur úr erfðaskrá *Charles Kelsall's* á ensku máli, og er það þannig hljóðandi:

Extract from Codicil dated 15th August 1853 to Will of

Charles Kelsall Esqr.

"I hereby give and bequeath to the Danish Ambassador, resident in London at the time of my death, one thousand pounds of the new South Sea Annuities, to be held by him in trust for the benefit of the College at Reykjavik in Iceland; and wherewith to build a new library for the College of Reykjavik, and I hereby desire my Executors to confer with the Secretary of the Danish Embassy on the most advisable mode of transferring safely the aforesaid Legacy and of guaranteeing the faithful and prompt application of the bequest."

1859.

9. maí.

ánafnað sendiboða Danakonungs í Lundúnum 1000 pund sterling í skuldabréfum þeim er kallast „the new South Sea Annuities” (suðurhafs-skuldabréf hin nýju) með þeim skilmála, að sendiboðinn aptur greiði fé þetta skólanum (the College) í Reykjavík á Íslandi, svo að því verði varið til bókhlöðubyggingar.

Með því ágreiningur varð um réttan skilning á erfðaskránni tók dómstóll sá, er heitir „the Court of Chancery”, dánarbú Kelsalls til umsjónar, og hefur dómstóll þessi skorið svo úr, að erfðaskráin væri gild; síðan hefur fé það, sem áður er um getið, verið greitt sendiboða Danakonungs í Lundúnum í enskum ríkisskuldabréfum, sem svarað er af í vöxtu $2\frac{1}{2}$ af hundraði; því búið var að breyta suðurhafsskuldabréfum þeim, sem áður er um getið, í slík ríkisskuldabréf; hefur Hambro, barún, að tilhlutun sendiherrans látið selja skuldabréf þessi, og hefur fengizt fyrir þau £ 838—1—4, að fráðregnum öllum kostnaði; og ber þess að geta, að Hambro, barún, vegna augnamiðsins með gjöfina, hefur afsalað sér þeirri borgun, er honum bar fyrir það, er hann annaðist um sölu skuldabréfanna.

Þetta gefst yður til vitundar, herra stiptamtmaður og yður, háæruverðugi herra, og skal þess því næst getið, að hlutast hefur verið til um það, að féð yrði sent hingað frá Englandi. Jafnframt þessu eru það tilmæli stjórnarinnar, að þér gjörði uppástungu um það, hvernig fé þessu verði bezt varið samkvæmt tilgangi gjafarans.

16. maí. **12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um Biffluna.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, í bréfi yðar 12. febrúar þ. á. skýrt frá, að forstjórar „hins íslenska bifflufélags” hafi sótt um, að félag þetta, sem nú hefur látið prenta nýja, fullkomna útgáfu af bifflunni, mætti senda þau exemplör, sem það kringumstæða vegna þyrfti að láta binda í Kaupmannahöfn, þangað með póstkípi, án þess að borga undir þau, og að félagið þannig mætti senda 100 exemplör, sem hingað